LANDGRÆÐSLA
RÍKISINS

Alþingi
Erindi nr. Þ 123/1260
komudagur 3.3.'99

Nefndasvið Alþingis
b.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Gunnarsholti 3.mars 1999

Umsögn um:
Frumvarp til laga um náttúruvernd, 528. mál.

Hér er um mikilvægt mál að ræða sem varðar mjög hagsmuni allrar náttúruverndar í landinu, einnig landgræðslustarfsins. Því er slæmt hve skammur tími er veittur til umsagnar um ofangreint lagafrumvarp. Það barst stofnuninni í hendur um hádegisbil þann 1. mars 1999 en frestur til svars gefinn til 3. mars. Athugasemdir Landgræðslu ríkisins einskorðast því við þau atriði frumvarpsins er snerta með beinum hætti starfsemi Landgræðslunnar.

Varðandi 3. gr. Skilgreiningar

1. tl. Afréttur: Skilgreining afrétta er ekki einhlít með þessum hætti. Æskilegt gæti verið að vísa til **fjallskilareglugerða** um mörk afrétta, en þar er lýst nákvæmlega hvaða land telst afréttur.

4. tl. Ósnortið víðerni: Með vísan til þess hve óvíða á landinu er að finna ósnortið land, sem reyndar kemur einnig fram í áliti starfshóps um hugtakið „ósnortið víðerni", telur Landgræðsla ríkisins heppilegra að nota "**óbyggð víðerni**" til skilgreiningar á því sem við er átt. Landgræðslan leggur ennfremur til að á eftir orðinu **„þjóðvegum"** komi punktur (.) og orðin **„og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins... ...mannlegum umsvifum."** falli niður.

7. tl. Ræktað land: Landgræðsla ríkisins fellst á þá skilgreiningu á ræktuðu landi og þar með ræktun, sem fram kemur í greininni. Aftur á móti getur Landgræðsla ríkisins **alls ekki** fallist á að landgræðsla (eða uppgræðsla lands) sé sama og ræktun og landgræðslusvæði séu þar með dæmi um ræktað land. Aðeins í undantekningartilfellum er um ræktun að ræða á svæðum sem tekin hafa verið til landgræðslu. Í langflestum tilvikum er gróðri einungis hlíft við beit, rof á gróðri og jarðvegi stöðvað og gróðurframvindu komið af stað. Þá tekur við áratugalöng þróun sem á ekkert skylt við ræktun.

Varðandi 4. gr. Yfirstjórn umhverfisráðherra

Fagnað er þeirri áherslu á víðtækt samráð sem fram kemur í greininni. Upptalning samráðsaðila er hins vegar bæði ófullnægjandi hvað varðar samráðsaðila

og óljós, t.d. hvað varðar bændur og aðra landnotendur. Lagt er til að fram komi að samráð skuli haft við aðila máls og aðra þá hagsmunaaðila sem við á hverju sinni en ráðherra sé heimilað að útfæra í reglugerð við hverja skuli samráð haft og með hvaða hætti.

Sé aftur á móti talin ástæða til að hafa uptalningu sem þessa í lögunum er óskað eftir því **að samráðsákvæðið taki bæði til Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins** enda hafa þessar stofnanir báðar lögbundin hlutverk hvað varðar verndun jarðvegs og gróðurs.

Varðandi 6. gr. í sbr. 39. gr.

"Friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar" eru lögbundin hlutverk Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. **Því er harðlega mótmælt að annarri stofnun verði falið að annast slíkar aðgerðir** enda er hætta á að það leiði til stjórnsýslulegrar óskilvirkni. Rök þessa efnis hafa komið fram í bréfum Landgræðslunnar til Allsherjarnefndar Neðri deildar frá 18. janúar 1990, til landbúnaðarráðherra frá 25. janúar 1994 og til formanns Umhverfisnefndar frá 9. apríl 1996.

Varðandi 7. gr. 2. og 3. mgr.

Ekki er eðlilegt að eftirlitsaðila sé gefið sjálfdæmi um með hverju hann kjósi að hafa eftirlit þegar eftirlitið er á kostnað þess sem eftirlitið er haft með. Eðlilegra er að Skipulagsstofnun úrskurði um hvort sérstaks eftirlits með tiltekinni framkvæmd sé þörf. Á það má benda að slíkt eftirlit mun einkum beinast að framkvæmdum sem Skipulagsstofnun hefur gefið leyfi fyrir að undangengnu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Varðandi 10. gr.

Nægjanlegt er að lagagreinin samanstandi af 1., 3. og 5. mgr. ásamt heimildarákvæði til ráðherra um setningu reglugerðar um skipan náttúruverndarþings, stjórnun þess og starfssvið.

Varðandi 2. mgr. telur **Landgræðsla ríkisins að bæði hún og Skógrækt ríkisins eigi skilyrðislausan seturétt á þinginu** sbr. aths. við 4. gr. hér að ofan. Ennfremur að ekki skuli binda seturétt á þinginu við forstjóra nefndra stofnana eingöngu heldur skuli stofnanirnar hafa fullt sjálfdæmi um hver fulltrúi þeirra er.

Varðandi 13. gr.

Innskotssetningin „þar á meðal skógræktar og landgræðslu" er óþörf í greininni og fer Landgræðslan fram á að a.m.k. orðið „landgræðslu" verði fellt brott úr greininni.

Varðandi 17. gr.

Landgræðsla ríkisins fer fram á að orðunum „landgræðslu" verði skotið inn í upptalningu varðandi undanþágur í 2. mgr. Uppgræðslu fylgir akstur utan vega og slóða. Girðingar til friðunar lands eru oft fjarri vegum og merktum slóðum en þurfa engu að síður aðföng við uppsetningu og viðhald.

Varðandi 19. gr.

Ekki er ljóst hvað átt er við í 2. mgr. með að "gera úttekt á ástandi svæða í óbyggðum". Landgræðsla ríkisins sinnir eftirliti með ástandi gróðurs og jarðvegs í

samræmi við 18. gr. laga um landgræðslu. Tryggja þarf að ekki komi til tvíverknaðar vegna þeirrar úttektar, er hér er mælt fyrir um. Að fenginni reynslu er bent á að slík úttekt og skýrslugerð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. kallar á verulegan tilkostnað og mannafla.

Varðandi 24. gr.

Heimildarákvæði 1. mgr. hlýtur að takmarkast við tínslu til „eigin nota". Betra samræmi þarf við 26.gr. Orðalagið í 2. mgr. "neyslu á vettvangi" er óheppilegt.

Varðandi 34. gr.

Ástæðulaust er að endurtaka þessa grein Skipulagslaga í náttúruverndarlögum.

Varðandi 36. gr.

Landgræðsla felur aðeins að litlu leyti í sér ræktun skv. skilgreiningu þess hugtaks (sbr. fyrri athugasemdir). Landgræðsla ríkisins leggur því til að greinin verði orðuð svo:

Verndun svipmóts lands.

Við ræktun, plöntun trjáa og uppgræðslu lands skal þess gætt að aðgerðirnar falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

Varðandi 37. gr. a.-lið.

Alls ekki er ljóst hvað átt er við með orðinu „eldhraun". Ekki eru gerðar tillögur um annað orðaval en Landgræðsla ríkisins áskilur sér rétt til aðgerða varðandi gróður- og jarðvegseyðingu á hraunsvæðum jafnt og öðrum.

Varðandi 39. gr.

Landgræðsla ríkisins telur, í samræmi við aths. við 6. gr., að þessi grein eigi ekki eiga heima í náttúruverndarlögum enda nær hún til lögbundins hlutverks Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins.

Á hinn bóginn er ekki nema eðlilegt að samstarf og samvinna sé milli þessara stofnana sem svo mjög koma að náttúruverndarmálum. Slíkt samstarf hefur reyndar verið við lýði um allmörg ár án þess að fyrir því séu sérstök lagaákvæði. Telji Alþingi ástæðu til að lögfesta það samstarf hefur Landgræðslan engar athugasemdir við það.

Varðandi 41. gr.

Óþarft virðist að hafa orðið „lifandi" í fyrirsögn greinarinnar og texta hennar, nema beinlínis sé verið að vísa til þess að greinin taki ekki til innflutnings matvæla. Þessi grein er afar óljós og virðist texti hennar klipptur saman úr gömlu uppkasti að „reglugerð um innflutning og ræktun útlendra plöntutegunda", sem hefur verið lengi í smíðum. Nauðsynlegt er **að þessi grein verði skrifuð upp á nýtt** og tekið verði tillit til þess að greinin fjallar um fleiri lífverur en plöntur. Markmið og tilgangur greinarinnar verði skýr sem og gildissvið. Þá verði afmarkað ljóslega til hvers greinin tekur ekki svo sem gert er í 3. mgr. núverandi texta. Einnig verði sett heimildarákvæði til ráðherra til setningar reglugerða um innflutning og notkun framandi lífvera sem og ráðgefandi sérfræðinganefndir allt eftir því um hverskonar lífverur er að ræða.

Eðlilegt þykir að mismunandi reglugerðir verði settar varðandi dýr annars vegar og plöntur hinsvegar.

Varðandi 48. gr. og 49. gr.

Landgræðsla ríkisins fagnar auknu aðhaldi vegna efnistökumála. Bent er á að skv. lögum ber Landgræðslunni skylda til að veita ráðgjöf um frágang efnistökustaða sem og annarra þeirra svæða sem raskað hefur verið. Orðið „**snyrtilega**" í **1. mgr. 49. gr**. er óþarft. .

Varðandi 65. gr.

Eðlilegt er **að** þeim stofnunum sem fara með náttúruverndarmál með einum eða öðrum hætti, s.s. Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun, Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins sé tryggður umsagnarréttur um náttúruverndaráætlun. Ennfremur telur Landgræðsla ríkisins það í anda Dagskrár 21 og þá sérstaklega Staðardagskrár 21 að tryggja almennan umsagnarferil fyrir slíka áætlun.

Varðandi 66. gr.

Óljóst er hvort um er að ræða friðunaráætlun eða framkvæmdaáætlun. Þá þykir rétt að ef á annað borð er verið að tíunda umfjöllunarefni áætlunarinnar í lögum, en ekki reglugerð, að hafa sérstakan staflið um fossa o.fl. samanber 37. gr. frv. Ennfremur sætir það eilítilli furðu að ekki sé gert ráð fyrir að áætlun sem þessi fjalli um kostnaðarþætti .

Skýra þarf nánar merkingu hugtaksins "búsvæði" í b. lið 2. mgr. í samhenginu "nauðsyn á endurheimt búsvæða".

Varðandi *Almennar athugasemdir*:

IV Önnur löggjöf.

Hvorki er minnst á lög um skógrækt né lög um landgræðslu í þessum kafla. Þó má telja hvorutveggja undanfara náttúruverndarlaga um sem svarar hálfri öld og eins fjalla þau að verulegu leyti um náttúruvernd.

V. Alþjóðasamningar.

Alþjóðasamningurinn um varnir gegn myndun eyðimarka sem Íslendingar fullgiltu í maí 1997, er ekki nefndur í þeirri upptalningu sem í kaflanum má finna og taldir eru með forsendum frv. til náttúruverndarlaga. Fullyrða má að fáir alþjóðasamningar á sviði náttúruverndar snerti Íslendinga meira en sá samningur.

VII. Almannaréttur.

Tilvitnun í 4. mgr. 11. gr. landgræðslulaga á ekki við í því samhengi sem hún er sett fram. Sú umferð sem þar er talað um tekur til búfjár, rekstra og hestaferða (og nú á tímum sennilega bifreiða) en ekki gangandi fólks á leið um landið sér til ánægju. Benda má á að þessu ákvæði hefur aldrei verið beitt þau 34 ár sem liðin eru síðan lögin voru sett.

XI. Framandi lífverur.

Gera þarf greinarmun á orðinu **framandi** og orðunum **erlendur** eða **útlendur**. Í þeim alþjóðasamningi sem vitnað er til í 2. mgr. er ekki talað um „erlendar" tegundir heldur „framandi" tegundir enda þekkja plöntutegundir engin pólitísk landamæri. Þar er heldur ekki talað um eftirlit með innflutningi „útlendra" tegunda heldur er hér aftur notað hugtakið „framandi" („alien" á ensku). Plöntutegund getur verið framandi í nýju vistkerfi algerlega óháð því í hvaða landi hún er „fædd".

Landgræðsla ríkisins lýsir sig fúsa til viðræðna við umhverfisnefnd um efni frumvarpsins sé þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson
landgræðslustjóri